

Fundargerð háskólaráðs
396. fundur daginn 23.08.2018
Borgir R262 kl. 13:30

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13:37.

Mættir voru auk hans:

Björn Ingimarsson fulltrúi menntamálaráðherra
Erla Björg Jónsdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs (via Zoom)
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Óskar Þór Vilhjálmsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Sólveig María Árnadóttir fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Martha Lilja Olsen ritari háskólaráðs

Gestir:

Hólmar Svansson framkvæmdastjóri háskólaskrifstofu

Rektor kynnti dagskrá.

1. Samþykkt fundargerðar 395. fundar

1806014

Fundargerð samþykkt.

2. Fjármál og rekstur

Hólmar Svansson framkvæmdastjóri háskólaskrifstofu fór yfir rekstrarstöðu háskólans janúar til júní. Staða skólans í heild í jafnvægi og í samræmi við áætlanir.

Hólmar kynnti tilfærslu á verkefnum innan háskólaskrifstofu. Forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs mun veita nemendaskrá forstöðu. Núverandi forstöðumaður nemendaskrár mun færast í starf á fjármálasviði þar sem hann heldur áfram ákveðnum verkefnum tengdum náms- og kennsluskrá í Uglu, verkefnum tengdum gæðamálum, ásamt verkefnum tengdum tölulegum greiningum og fleira. Kennslumiðstöð HA mun taka yfir ábyrgð með tæknimálum Uglu og jafnframt mun prófstjóri/verkefnastjóri fjarkennslu færast yfir á Kennslumiðstöð HA. Tilgangurinn m.a. að bæta verklag við alla þjónustu við nemendur og umsóknarferlið.

3. Yfirlit um stöðu HA

- **Fagleg staða og gæðamál**
Rektor greindi frá stöðunni í gæðaúttektum, en í haust er að fara af stað nýr gæðahringur þar sem kennaradeildin ríður á vaðið og mun vinna sjálfsmat á haustmisseri. Mikilvægt er að nýta vinnuna við sjálfsmatið sem verkefni til að styrkja faglega stöðu háskólans.
- **Fjárhagsleg staða og væntingar um auknar heimildir**
Rektor fór yfir heildarstöðu háskólans út frá auknum nemendafjölda og viðræðum við stjórnvöld um auknar fjárheimildir í tengslum við það. Ráðherra hefur lýst yfir vilja til að koma til móts við stöðu háskólans en beðið er eftir að fjárlög haustsins verði lögð fram í september.
- **Húsnæði – viðhaldsáætlanir og nýtt leiguhúsnæði**
Hólmar kynnti stöðuna í húsnæðismálum og viðhaldsáætlun. Háskólinn þurfti í sumar að taka á leigu aukið skrifstofuhúsnæði til að takast á við skemmdir sem komu í ljós í tveimur byggingum skólans og þurfti að rýma. Viðgerðir standa yfir í hluta af húsnæði skólans en beðið er eftir viðbrögðum frá stjórnvöldum um fjármagn til að ráðast í frekari viðgerðir og uppbyggingu á háskólasvæðinu.

4. Nemendafjöldi skólaárið 2018-2019

1808032

Rektor greindi frá innritunartölum fyrir haustmisseri. Innritaðir nýnemar sem hafa greitt skrásetningargjald eru 1170, en heildarfjöldi innritaðra nemenda er 2384. Háskólinn þurfti að nýta allar heimildir sem hann hafði til að takmarka fjölda nemenda, engar undanþágur voru veittar og umsækjendum sem skiluðu ekki gögnum tímanlega var ekki veittur frestur frá skilafrestum samkvæmt reglum. Fjöldi nemenda sem var synjað um skólavist er umtalsvert meiri en undanfarin ár. Umræður sköpuðust um kosti og galla fjöldatakmarkana og hvort þær væru æskilegar.

Háskólaráð beinir því til rektors að hefja samtal við sviðsforseta um viðbrögð við fyrirsjáanlegum auknum fjölda umsækjenda fyrir skólaárið 2019-2020. Einnig verði lögð fram greining á þeim fjölda sem einstaka námsbrautir geta tekið við.

5. Innritun um áramót

1808033

Framkvæmdastjórn leggur til við háskólaráð að ekki verði innritað í grunnám um áramót en innritað verði í framhaldsnám. Tillaga samþykkt.

6. Starfsreglur háskólaráðs – áætlun um innleiðingu

1808036

Lögð fram til kynningar drög að starfsreglum háskólaráðs HA. Reglurnar munu verða lagðar fram til samþykktar á fundi háskólaráðs í september. Starfsreglur háskólaráðs eru settar með vísan í 7. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 og er ætlað setja reglur um undirbúning funda, fundarboð, fundarsköp, birtingu ákvarðana og annað er lýtur að starfsháttum ráðsins. Dæmi um helstu verkefni ráðsins eru að marka heildarstefnu í málefnum háskólans, móta skipulag og fara með almennt eftirlit með starfseminni í heild. Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum háskólans en þó eru undanskilin málefni einstakra starfsmanna, sem eru alfarið á forræði rektors sem forstöðumanns stofnunarinnar.

7. Starfsmannamál

- **Ráðningar í gangi**
Farið yfir þær ráðningar sem eru í ferli eða auglýsingu innan háskólans. Ekki um að ræða raunaukningu á starfsmannafjölda þar sem í flestum tilfellum er verið að ráða í stöður sem losna eða um tilfærslu á verkefnum er að ræða.
- **Staðgengill rektors 2018-2019**
Rannveig Björnsdóttir forseti viðskipta- og raunvísindasviðs mun gegna stöðu staðgengils rektors skólaárið 2018-2019.

8. Áætlun um bætt samskipti

- **Metoo**
Umræða um Metoo heldur áfram og verður áfram á dagskrá innan háskólans og í háskólaráði.
- **SFR könnun**
Gert ráð fyrir fundum með starfsfólki í öllum einingum um niðurstöður starfsmannakönnunar SFR með það að markmiði að vinna aðgerðaráætlun til að bæta starfsánægju starfsfólks við HA.
- **Aðgengi að sérfræðingum í samskiptum**
Undanfarna mánuði hefur skrifstofa rektors nýtt sér mikið utanaðkomandi aðstoð sérfræðinga í ýmsum starfsmannatengdum málum og er gert ráð fyrir að það verði gert áfram til að auka stuðning við stjórnendur og vinna að úrbótum í mannauðsmálum.

9. UArctic Congress 2020

1804045

Rektor gerði grein fyrir því að Háskólinn á Akureyri hefði sótt um að halda UArctic Congress 2020. Aðrir háskólar og stofnanir á Íslandi hafa einnig

áhuga á aðkomu að þinginu og hefur verið ákveðið að íslenskar háskólastofnanir muni saman halda þingið undir forystu Háskólans á Akureyri og mun þingið bæði fara fram á Akureyri og Reykjavík haustið 2020.

10. Skipun nefnda og ráða

- **Vefstjórn**

Tilnefningar um skipan vefstjórnar HA lagðar fram og samþykktar.

Vefstjórn 1. september 2018 - 31. ágúst 2021:

- Astrid M. Magnúsdóttir forstöðumaður bókasafns og upplýsingaþjónustu
- Herdís Hulda Guðmannsdóttir fulltrúi nemendaskrár
- Ingibjörg Smáradóttir fulltrúi skrifstofustjóra
- Katrín Árnadóttir forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs
- Kjartan Ólafsson fulltrúi fræðasviða
- Kristjana Hákonardóttir, vefstjóri, formaður vefstjórnar
- Óskar Þór Vilhjálmsson, fulltrú KHA

- **Nefnd um veitingu heiðursmerkis/gullmerkis HA**

Rektor óskaði eftir umræðu í háskólaráði um reglur um veitingu gullmerkis HA. Samþykkt að rektor láti vinna drög að slíkum reglum sem verði lagðar til samþykktar í háskólaráði.

- **Vísindaráð**

Hermína Gunnþórsdóttir yfirgaf fundinn undir þessum lið.

Lagðar fram tilnefningar fræðasviða og rektors í vísindaráð HA 2018-2021. Tilnefningar samþykktar.

Vísindaráð HA 1. september 2018 – 31. ágúst 2021:

Aðalfulltrúar:

- Hermína Gunnþórsdóttir dósent, formaður, tilnefnd af rektor
- Joan Nymand Larsen prófessor, tilnefnd af rektor
- Árún K. Sigurðardóttir prófessor, tilnefnd af heilbrigðisvísindasviði
- Sigurður Kristinsson prófessor, tilnefndur af hug- og félagsvísindasviði
- Oddur Vilhelmsson prófessor, tilnefndur af viðskipta- og raunvísindasviði.

Varafulltrúar:

- Bjarni Gautason útibússtjóri ÍSOR, tilnefndur af rektor
- Hilmar Janusson framkvæmdastjóri GENIS, tilnefndur af rektor
- Alexander Smárason prófessor, tilnefndur af heilbrigðisvísindasviði
- NN, tilnefnd af hug- og félagsvísindasviði
- Hjördís Sigursteinsdóttir dósent, tilnefnd af viðskipta- og raunvísindasviði

11. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:54.